

Starfsáætlun stjórnslusviðs 2013–15

Áætlun ársins 2014

Desember 2013

Stjórnslusvið Ríkisendurskoðunar

Stjórnslusvið Ríkisendurskoðunar er annað tveggja kjarna-sviða stofnunarinnar. Í árslok 2013 voru starfsmenn þess átta. Á því ári gaf það út 27 opinberar skýrslur. Allar nema ein voru unnar að frumkvæði Ríkisendurskoðunar. Síðustu þrjú ár hafa skýrslur sviðsins verið 25–28.

Stjórnslusvið starfar í samræmi við lög nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun, stefnukort sitt, siðareglur og staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (ISSAI), einkum staðla nr. 3000 og 3100 um stjórnsluendurskoðun og nr. 40 um gæðaeftirlit.

Hvað er stjórnsluendurskoðun?

Stjórnsluendurskoðun er eitt helsta verkefni ríkisendurskoðana hvarvetna í heiminum. Með henni er leitast við að veita ráðuneytum, stofnunum, fyrirtækjum ríkisins og öðrum sem fjármagna rekstur sinn með ríkisfé aðhald í starfsemi sinni og rekstri. Það er gert með því að draga fram frávik frá gildandi lögum, reglum og markmiðum um hagkvæmni, skilvirkni og árangur og leiða í ljós möguleg umbótatækifæri.

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun felst stjórnsluendurskoðun í að „kanna meðferð og nýtingu ríkisfjár, hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins og hvort gildandi lagafyrirmælum sé framfylgt í þessu sambandi“. Stofnunin skal gera hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum, vekja athygli þeirra á því sem hún telur hafa farið úrskeiðis og benda á leiðir til úrbóta.

Í lögum um Ríkisendurskoðun kemur einnig fram að stofnunin sé engum háð í störfum sínum og að hún hafi viðtækar heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem hún þarf á að halda við endurskoðun sína.

Stofnunin velur sjálf úttektir sínar og ákveður afmörkun þeirra og framkvæmd. Forsætisnefnd Alþings getur þó krafist skýrslna um einstök mál sem falla undir starfssvið stofnunarinnar en henni er í sjálfsvald sett hvernig hún stendur að þeirri vinnu innan tiltekins ramma sem reglur kveða á um.

Árið 2011 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um þingsköp, m.a. ákvæðum um nefndaskipan þingsins. Sett var á fót sérstök stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd sem skal m.a. fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar og skila álitum um þær. Þetta er breyting frá því sem áður var þegar einstakar fagnefndir þingsins fjölluðu um skýrslurnar. Forsætisnefnd Alþingis setti í byrjun árs 2012 nýjar reglur um þinglega meðferð skýrslna Ríkisendurskoðunar sem taka mið af þessum breytingum.

Stefna stjórnslusviðs Ríkisendurskoðunar

Stjórnslusvið Ríkisendurskoðunar starfar samkvæmt aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats. Stefnan lýsir framtíðarsýn sviðsins, meginhlutverki, gildum, markmiðum og árangursmælikvörðum og styður markvisst við heildarstefnu Ríkisendurskoðunar.

Framtíðarsýn stjórnslusviðs

- ✓ Að vera í fremstu röð í stjórnsluendurskoðun

Meginhlutverk


- ✓ Að þjóna Alþingi og almenningi með þörfum og áreiðanlegum upplýsingum um ríkisrekstur og setja fram raunhæfar tillögur til úrbóta þar sem þeirra er þörf

Gildi

- ✓ Fagmennska – heilindi – óhæði – starfsánægja

Stefnukort stjórnslusviðs 2014–15 sýnir markmið þess samkvæmt fjórum víddum: Þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum.

Markmiðunum er ætlað að tryggja að sviðið standi undir hlutverki sínu og gildum og geri framtíðarsýn sína að veruleika. Þetta er gert með því að nýta þá fjármuni sem sviðið hefur úr að spila á hagkvæman og skilvirkan hátt, með öflugum og samhentum starfsfólki, skilvirkri verkefnastjórnun og verkefnum sem eru til hagsbóta fyrir Alþingi og almenning.



Stjórnsýslusvið leggur í fyrsta lagi áherslu á að starfsemi þess sé peninganna virði og kostnaðarvitund starfsfólks skýr. Í öðru lagi leggur það áherslu á vel hæft og metnaðarfullt starfsfólk sem myndar öfluga og jákvæða liðsheild og sinnir markvissri starfsþróun. Í þriðja lagi leggur það mikið upp úr faglegri og skilvirkri starfsemi, metnaðarfullri verkefnastjórnun, öflugu gæðastarfi, skýrum verklagsreglum og vandaðri upplýsingamiðlun. Í fjórða og síðasta lagi leitast sviðið við að stuðla að umbótum í ríkisrekstri með öflugu samtímaeftirliti og áreiðanlegum og gagnlegum upplýsingum.

Starfsáætlun 2013–15

Starfsáætlun stjórnsýslusviðs 2013–15 byggist á áhættumati á starfsemi og rekstri ríkisins. Við vinnslu hennar var m.a. litið til breytinga í ríkisrekstri undanfarin ár, áherslu stjórnvalda í ríkisfjármálum 2010–15, fjárveitinga í fjárlögum, ríkisreiknings 2011, niðurstöðu starfsmannakönnunar SFR 2012 og greiningar á fjárhagsstöðu einstakra fjárlagaliða. Stefnukort sviðsins og áætlunin eru endurskoðuð árlega.

Úttektir sviðsins á árunum 2013–15 beinast aðallega að málaflokkum sem heyra undir stærstu ráðuneytin, þ.e. velferðarráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti. Þetta stafar af því að um 80% af fjárveitingum ríkisins í fjárlögum ársins 2013 var ráðstafað til málefna sem heyra undir þessi ráðuneyti sem fara einnig með yfirstjórn langflestra ríkisstofnana. Málefni annarra ráðuneyta verða þó einnig til skoðunar eftir því sem þörf þykir.

Á tímabilinu 2013–15 vinnur sviðið eins og endranær fjölbreyttar úttektir að umfangi og efnisvali. Megináhersla verður lögð á hefðbundnar stjórnsýsluúttektir á einstökum stofnunum, verkefnum og málaflokkum. Þá verða unnar úttektir á sviði umhverfisendurskoðunar og á upplýsinga-

kerfum ríkisins. Samningamálum ríkisins verður líka gefinn sérstakur gaumur. Loks verða árlega unnar eftirfylgni-skýrslur vegna úttekta sem gerðar voru þremur árum áður.

Fyrirhuguð verkefni árið 2014

- ✓ Ferðamálastofa
- ✓ Framkvæmdasýsla ríkisins
- ✓ Reiknilíkan og rekstrarstaða framhaldsskóla
- ✓ Sendiráð Íslands
- ✓ Útlendingastofnun
- ✓ Lækningaminjasafn Íslands
- ✓ Samningar um varnir gegn mengun frá skipum
- ✓ Siðareglur ríkisstofnana
- ✓ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
- ✓ Innkaupamál ríkisins
- ✓ Samningamál ríkisins
- ✓ Eftirfylgniúttektir

Sem fyrr verður einkum gerð grein fyrir úttektum sviðsins í meðallöngum skýrslum (25–40 bls.). Eftirfylgniskýrslur verða yfirleitt heldur styttri. Áhersla verður lögð á markvissa afmörkun efnis. Úttektir munu þó bæði beinast að tilteknum vandamálum og málaflokkum eða stofnunum í heild sinni. Leitast verður við að gefa yfirsýn um sem flesta þætti ríkisrekstrar og koma að sem mestu gagni með tímanlegum og raunhæfum tillögum til úrbóta.

Stjórnsýslusvið leggur ríka áherslu á að skýrslur sínar séu áreiðanlegar, heildstæðar, hlutlægar, vel uppbyggðar og læsilegar. Niðurstöður skulu vera óhlutrægar og faglegar og ábendingar raunhæfar, viðeigandi og tímanlegar. Við úttektar- og skýrslugerð næstu ára verða einnig hafðar í huga ábendingar sem fram komu í [alþjóðlegri jafningjauúttekt](#) á sviðinu árið 2012.

Ferli stjórnsýsluúttekta

Samkvæmt alþjóðlegu ferli ríkisendurskoðana skiptast stjórnsýsluúttektir í þrjá meginhluta:

1. Forkönnun

Í forkönnun er leitast við að meta möguleika og réttmæti þess að hefja aðalúttekt út frá: (a) aðgengilegum, áreiðanlegum og fullnægjandi upplýsingum um viðfangsefnið, (b) væntanlegum ávinningi úttektar fyrir ríkið eða einstakar stofnanir þess, t.d. líkum á sparnaði, aukinni skilvirkni eða betri árangri og (c) áætluðum kostnaði fyrir Ríkisendurskoðun.

Í forkönnun er lögð áhersla á að afla þeirra gagna og upplýsinga sem máli skipta til að ákveða framhaldið, sem og að ræða við hlutaðeigandi aðila með það að markmiði að öll sjónarmið komi fram.

- ✓ Leiði forkönnun í ljós að aðalúttekt sé ótímabær eða að væntur ávinningur hennar verði minni en kostnaður lýkur Ríkisendurskoðun málinu með bréfi til þeirra sem málið varðar.
- ✓ Leiði forkönnun í ljós að unnt sé að koma nauðsynlegum ábendingum á framfæri án frekari athugunar er könnuninni lokið með opinberri skýrslu þar sem með rökstuddum hætti er bent á þau atriði sem bæta þarf.
- ✓ Leiði forkönnun í ljós ávinning af aðalúttekt er samin endurskoðunaráætlun þar sem viðfangsefnið er afmarkað, úttektarspurningar og aðferðir til að svara þeim tilgreindar og tiltekinn sá tími og mannauður sem þarf til að vinna úttektina. Gerðar eru endurskoðunaráætlanir fyrir allar aðalúttektir og lögð áhersla á að þeim sé fylgt nema rök séu til annars.

2. Aðalúttekt

Í aðalúttekt er endurskoðunaráætlun fylgt eins og kostur er. Áhersla er lögð á að safna, greina, meta og túlka á hlutlægan og faglegan hátt öll fáanleg gögn og upplýsingar sem máli skipta til að svara úttektarspurningum, draga niðurstöður saman í skýrslu og setja fram rökstuddar ábendingar um nauðsynlegar úrbætur.

Uppbygging skýrslu er með þeim hætti að niðurstöðukaflir svara þeim úttektarspurningum sem fram koma í inngangi og ábendingar eru í röklegu samhengi við niðurstöðurnar. Meginmál skýrslunnar miðar síðan að því að færa rök fyrir niðurstöðum og ábendingum.

Eftir að skýrsludrög hafa verið rýnd innanhúss eru þau send viðkomandi stofnun og ráðuneyti til umsagnar. Endanlegar skýrslur eru sendar forseta Alþingis og þeim ráðuneytum og stofnunum sem úttektir beinast að. Þær eru einnig birtar á heimasíðu Ríkisendurskoðunar ásamt fréttatilkynningu.

3. Eftirfylgniúttekt

Í eftirfylgniúttekt sem fer fram u.þ.b. þremur árum eftir upphaflega úttekt eru athuguð viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar. Einkum er kannað hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem stofnunin vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík úttekt getur leitt til nýrra eða ítrekaðra

ábendinga. Niðurstöður eftirfylgniúttektar eru gerðar opinberar og sendar þeim aðilum sem í hlut eiga.

Opinberar skýrslur árið 2013

1. Eftirlit Tryggingastofnunar með bótagreiðslum
2. Skýrsla um eftirfylgni: Meðferð umsókna og styrkja úr atvinnuþróunarsjóðum
3. Skýrsla um eftirfylgni: Verktakagreiðslur við Háskóla Íslands
4. Mótvægisáðgerðir vegna samdráttar þorskveiðiheimilda 2007
5. Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA)
6. Skýrsla um eftirfylgni: Kaup Fasteigna ríkissjóðs á máln-ingarvinnu
7. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orri). Uppfærsla 2010
8. Skýrsla um eftirfylgni: Verktakagreiðslur hjá Fasteignaskrá
9. Stofnanir sem þjóna einstaklingum með skerta færni
10. Skýrsla um eftirfylgni: Framkvæmd búvörusamninga
11. Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar: Ábending um kaup á tækniþjónustu vegna Norðurlandaráðsþings
12. Verkefni fyrrum Varnarmálastofnunar
13. Ábending frá Ríkisendurskoðun: Þjónustusamningar við öldrunarheimili
14. Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Ráðstafanir gegn innflutningi ólöglegra fíkniefna
15. Skýrsla um eftirfylgni: Viðskipti ríkisstofnana við 800 birgja
16. Reiknilíkan heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni
17. Rekstur og stjórnskipulag Vatnajökulsþjóðgarðs
18. Sjúkraflug á Íslandi
19. Skýrsla um eftirfylgni: Skipulag og úrræði í fangelsismálum
20. Þjóðskrá Íslands
21. Skýrsla um eftirfylgni: Stuðningur við atvinnu- og byggðapróun
22. Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólanáms
23. Samningamál SÁÁ
24. Skýrsla um eftirfylgni: Innkaupastefna ráðuneyta
25. Matvælastofnun
26. Skýrsla um ítrekaða eftirfylgni: Vinnueftirlit ríkisins
27. Skýrsla um eftirfylgni: Keilir